

### Fundargerð samráðsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB

Fjarfundur var haldinn í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB þann 17. júlí 2024.

Fulltrúi BSRB var: Arna Jakóbína Björnsdóttir, Árný Erla Bjarnadóttir, Marta Ólöf Jónsdóttir og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Margrét Sigurðardóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

#### **Petta gerðist:**

#### **1. Undirbúningstími í leikskóla**

Samráðsnefndin er sammála um að gr. 2.1.2 og gr. 2.1.5 í kjarasamningi aðila breystist svo frá 1. ágúst 2024:

2.1.2 Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar og með skriflegu samþykki samningsaðila. Samningsaðilum er heimilt að semja um rýmkun dagvinnutíma á virkum dögum, umfram þau tímamörk sem um getur í gr. 2.2.1. Þó skal dagvinna hvers starfsmanns aldrei hefjast fyrir en kl. 07:00. Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans.

Haga skal skipulagi vinnutíma starfsmanna í leikskólum, grunnskólum og öðrum sambærilegum stofnunum þannig að það mótist í samráði viðkomandi stjórnenda og starfsmanna. Þegar starfsmönnum eru falin verkefni sem að jafnaði eru á verksviði faglærðra starfsmanna og krefjast undirbúnings skulu þeir starfsmenn fá eina til tvær klukkustundir á viku til að sinna honum. Undirbúningur verkefna skal fara fram á starfsstað.

Jafnframt skulu stjórnendur skóla skilgreina viðveruskyldu og verkefni starfsmanna þannig að einstökum starfsmönnum séu þessir þættir ljósir við upphaf hvers skólaárs. Stjórnendur skulu rökstyðja fyrir starfsmönnum áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðun eftir samráðið.

2.1.5 Undirbúningstími

2.1.5.1 Undirbúningstími í leikskóla

Undirbúningstími stjórnanda deildar leikskóla, skal vera 8 klst. á viku miðað við fullt starf.

Undirbúningstími starfsmanna í leikskólum með lokapróf í uppeldisfræði á háskólastigi skal vera 4 klst. á viku miðað við fullt starf.

Undirbúningstími notist m.a. til starfsáætlanagerðar, viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða.

Sérstaklega skal taka tillit til þarfa fyrir undirbúnings- og úrvinnslutíma þegar almennum starfsmönnum leikskóla eru falin verkefni sem að jafnaði eru á verksviði faglærðra starfsmanna eða telja verður að jafnist á við slík verkefni.

Miða skal við að starfsmaður skili öllum undirbúningstíma á starfsstað.

## 2. Viðbótarlaun á einstök starfsheiti í grunnskóla – Viðbót við fylgiskjal 3 í kjarasamningi aðila

Aðilar eru sammála um að bæta eftirfarandi ákvæði um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í grunnskóla við fylgiskjal 3 í kjarasamningi aðila:

### Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í grunnskólum

Aðilar eru sammála um eftirfarandi fjárhæðir vegna viðbótarlauna starfsfólks grunnskóla sem gildi frá 1. ágúst 2024 til 31. mars 2028:

| <b>VIÐBÓTARLAUN Á EINSTÖK STARFSHEITI Í GRUNNSKÓLA</b> |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|
| <b>STARFSHEITI</b>                                     | <b>GILDISTÍMI</b>                          |  |  |  |
|  | <b>Frá 1. ágúst 2024 til 31. mars 2025</b> | <b>Frá 1. apríl 2025 til 31. mars 2026</b> | <b>Frá 1. apríl 2026 til 31. mars 2027</b> | <b>Frá 1. apríl 2027 til 31. mars 2028</b> |
| Skólaliði  | 8,500                                      | 8,798                                      | 9,105                                      | 9,424                                      |
| Starfsmaður í skóla með stuðning                       | 8,500                                      | 8,798                                      | 9,105                                      | 9,424                                      |

Viðbótarlaunin greiðast eingöngu starfsfólki í föstu starfshlutfalli í dagvinnu. Greiðslan er föst mánaðarleg fjárhæð, þar meðtalið í orlofi, miðað við starfshlutfall og tekur ekki hækkunum á samningstímanum. Orlofslaun teljast innifalin í ofangreindum fjárhæðum. Greiðslur skv. ofangreindu falla niður í lok samningstímans, þann 31. mars 2028, án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

Persónuálag samkvæmt gr. 10.2.1, starfsþróunarnámskeið, gr. 10.2.3, menntun á framhaldsskólastigi, og gr. 10.2.4, meistarábréf, getur að hámarki orðið 6%. Persónuálag vegna símenntunar og starfsreynslu skv. gr. 10.2.2 er óbreytt.

Velji starfsmaður sem fær greitt persónuálag skv. gr. 10.2.5 að fá ofangreind viðbótarlaun, falla niður greiðslur samkvæmt gr. 10.2.5.

Fái starfsheiti endurmat/endurskoðun til breytingar á stigaröðun í starfsmati mun samstarfsnefnd aðila taka upphæðir viðbótarlauna til endurskoðunar.

## 3. Félagsmannasjóður

Samráðsnefndin er sammála um að gr. 13.10 í kjarasamningi aðila breystist svo frá 1. apríl 2024:

### 13.10 FÉLAGSMANNASJÓÐUR

#### 13.10.1 Félagsmannasjóður

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 2,2% af heildarlaunum starfsmanna.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.

Greinin gildir ekki um þá starfsmenn er njóta styrkja samkvæmt gr. 13.6.1.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.